

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 31/2014

2016/EES/27/26

frá 14. janúar 2014

um niðurfellingu á ákvörðunum 2004/301/EB og 2004/539/EB og reglugerð (ESB) nr. 388/2010 (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE⁽¹⁾, einkum 19. og 21. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 998/2003 er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um tilflutning á gæludýrum, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, og reglur um eftirlit með slíkum tilflutningi. Reglugerðin gildir um tilflutning milli aðildarríkjanna eða frá þriðju löndum á gæludýrum af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka við hana. Hundar, kettir og frettur eru skráð í A- og B-hluta þess viðauka. Reglugerð (EB) nr. 998/2003 hefur verið beitt frá 3. júlí 2004.
- 2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/803/EB frá 26. nóvember 2003 um fyrirmynd að vegabréfi fyrir flutninga innan Bandalagsins á hundum, köttum og frettum⁽²⁾ er mælt fyrir um fyrirmynd að vegabréfi fyrir flutning á gæludýrum af tegundunum hundar, kettir og frettur milli aðildarríkja, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003.
- 3) Til að auðvelda umbreytinguna yfir í fyrirkomulag reglugerðar (EB) nr. 998/2003 var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/301/EB frá 30. mars 2004 um

undanþágu frá ákvörðunum 2003/803/EB og 2004/203/EB að því er varðar snið vottorða og vegabréfa vegna flutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á hundum, köttum og frettum og um breytingu á ákvörðun 2004/203/EB⁽³⁾ samþykkt, svo unnt væri að nota áfram vottorð og vegabréf, sem gefin voru út fyrir gæludýr fyrir þann dag þegar reglugerð (EB) nr. 998/2003 kom til framkvæmda, að því tilskildu að þau uppfylltu tiltekin skilyrði.

- 4) Þar að auki er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/539/EB frá 1. júlí 2004 um bráðabirgðaráðstöfun til framkvæmdar reglugerð (EB) nr. 998/2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga sem ekki eru viðskiptalegs eðlis⁽⁴⁾ kveðið á um að aðildarríkjum beri að leyfa að gæludýr af þeim tegundum, sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003, komi inn á yfirráðasvæði þeirra til 1. október 2004 í samræmi við landsreglur sem voru í gildi fyrir 3. júlí 2004.
- 5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003⁽⁵⁾ fellir úr gildi og kemur í staðinn fyrir reglugerð (EB) 998/2003. Samþykktar ráðstafanir til að auðvelda umbreytinguna yfir í fyrirkomulag reglugerðar (EB) nr. 998/2003 eru því úreltar. Því ber að fella ákvarðanir 2004/301/EB og 2004/539/EB úr gildi.
- 6) Þar að auki var reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2010 frá 6. maí 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar hámarksfjölda gæludýra af tilteknum tegundum, sem kunna að sæta flutningum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis⁽⁶⁾ samþykkt til að koma í veg fyrir áhættu á að viðskiptalegir tilflutningar á hundum, köttum og frettum séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar á gæludýrum, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, þegar þessi dýr eru flutt til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 10, 15.1.2014, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 312, 27.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 98, 2.4.2004, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 237, 8.7.2004, bls. 21.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 114, 7.5.2010, bls. 3.

- 7) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 388/2010 hafa verið endurskoðuð og tekin inn í reglugerð (ESB) nr. 576/2013. Reglugerð (ESB) nr. 576/2013 gildir frá 29. desember 2014. Því verður reglugerð (ESB) nr. 388/2010 úrelt á þeim degi þegar reglugerð (ESB) nr. 576/2013 kemur til framkvæmda og ber því að fella hana úr gildi frá og með þeim degi.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvarðanir 2004/301/EB og 2004/539/EB falli úr gildi.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 388/2010 er felld úr gildi frá og með 29. desember 2014.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.